



## Fræðslu-, íþróttá- og tómstundanevnd FUNDUR – 6. september 2004

Fundur haldinn í fræðslu-, íþróttá- og tómstundanevnd mánudaginn, 6. september, 2004 kl. 18:00 í grunnskólanum á Blönduósi.

Mæting samkvæmt undirskriftum.

### Dagskrá:

1. Starfsmannamál.
2. Skólamáltíðir.
3. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

#### 1. Starfsmannamál.

Formaður setti fund og gaf skólastjóra orðið. Skólastjóri kynnti að verið væri að ganga frá samningi við Guðmund F. Haraldsson í starf umsjónarmanns grunnskóla, íþróttahúss og sundlaugar. Gengið verður frá því í vikunni.

Auglýstar hafa verið lausar stöður æskulýðsfulltrúa, starfsmanns í íþróttahús (skólaliða) og starfsmanns í sundlaug.

- Í starf skólaliða (íþróttahús) barst 1 umsókn frá Helgu Gunnarsdóttur. Mælt er með að hún verði ráðin í starfið.
- Þrjár umsóknir bárust í starf æskulýðsfulltrúa, frá Kjartani Hilmissyni, Nönnu K. Kristjánsdóttur og Heiðari Loga Sigtryggssyni. Mælt er með að Heiðar Logi verði ráðinn til eins árs.
- Þrjár umsóknir bárust í starf í sundlaug, frá Hildi Jónsdóttur, Sigrúnu Eyglóu og Raimund B.-Urbschat. Mælt er með að Sigrún Eygló verði ráðin.

Ekki varð af ráðningu Sigríðar Hrannar Bjarkardóttur til að kenna textílmennt. Var málið leyst með þeim hætti að Anna M. Valgeirsdóttir kennir eldri bekkjum og Kristín Júlíusdóttir kemur inn sem stundakennari og kennir 4 tíma í viku, 1. - 4. bekk.

#### 2. Skólamáltíðir.

Blönduskálinn sér nú um skólamáltíðir í grunnskólanum og er maturinn nú afgreiddur í hitakössum. Líkt og áður er nú ekki lengur notast við einnota diska og mál, heldur skammtað á diska.



### 3. Önnur mál.

Gísli lagði til kynningar fram bækling yfir samtök sem vinna með börnum og unglíngum.

Skólastjóri kynnti að nú væri staddur hér danskur farkennari í u.þ.b. mánuð.

Skólastjóri kynnti að skóladagheimilið hefur flutt í stofu þar sem námsverið var og námsverið nú staðsett þar sem dagheimilið var. Nú eru 23 börn í mismunandi langri vistun.

Fleira ekki gert.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:50

Gísli Guðmundsson  
Eva Hrunn Pétursdóttir  
Margrét Einarsdóttir  
Árný Þ. Árnadóttir  
Þórhalla Guðbjartsdóttir  
Hanna Jörgensen  
Jófríður Jónsdóttir

Jakobína Halldórsdóttir